

S T A R F S S K Y R S L A .

1 9 8 3

Gróðrarstöðin Tumastöðum.

### Vöxtur og þrif trjágróðurs.

#### Laufgun og lauffall.

Laufgun birkiskjólbeltanna hér í gróðrarstöðinni sem alin eru upp af fræi frá Bæjarstað var 6. júní en lauffall var 26. september.

#### Vöxtur.

Eg held að segja megi að vöxtur trjáa og runna sé með minnsta móti og sérstaklega á trjám og runnum sem hér eru í uppeldi og eiga að fara í sölu og að sprotar séu filla þroskaðir svo búast megi við kali sérstaklega á ýmsum víðitegundum.

Arsvöxtur er óvenju grannur sérstaklega á víði og ösp.

#### Skaðar.

Árið 1982 var pottað um 4.000 stk af birki, í vetur meðan ég var í vetrarfríi fór rjúpan í þessar plöntur og át ofan af plöntunum og reif af litlar hliðargreinar og sópaði af öll brum á stofninum sem eftir stóð, nokkuð af þessu birki dó sumt náði að vaxa þegar líða tók á sumarið og kemur allur vöxtur frá jörðu reynt verður að nota eða kaksi tilvalið að selja þessar plöntur árið 1985 sem limgerðis plöntur þar sem þær eru marggreindar og vel til þeirra nota fallin.

#### Starfsfólk.

Almenn vinna í gróðrarstöðinni byrjaði 1. apríl og lauk að mestu í byrjun nóvember. Eins og verið hefur er verkstjórninn eini fastráðni starfsmaðurinn hér, sá starfsm. sem næst honum kemur vann hér 3/4 hluta úr ári aðrir minna.

13 karlm. unnu hér 56,97 mánaðarverk eða 244 vinnuvikur og 12 konur unnu hér 34,75 mánaðarverk eða 149 vinnuvikur samtals er þetta 393 vinnuvikur eða 12 vinnuvikum fleiri en 1982.

#### Girðingar.

#### Viðhald.

Farið var með girðingum og þær lagfærðar, girðingar hér eru um 14 kílómetrar og er nokkur hluti af þeim mjög lélegur.

#### Nýjar girðingar.

Girt var að nýju á mörkum Stöðlakots og Kollabæjar framan við þvergarð að girðingu sem er við sumarbústað Guðjóns Tómassonar lengd girðingar er 500 m.

Einnig girtum við nýja girðingu við syðri Torflækjarhólin og tókum eins og hægt var af því landi sem við áttum utan girðingar, lengd girðingar ca 500 metrar, er þá eftir að endur girða um 600m. í Tumastaða- og Kollabæjar högum.

Girt var á árinu í högunum 1.000 m. af nýjum girðingum.

Innan girðingar í högunum eru ca. 18 hekt. af landi frá Stöðlakoti og var það með samkomul. við eiganda Stöðlakots að petta land væri innan girðingar Kollabæjar, 1.800 metra girðingu þarf til að girða þessa 18 h.

### Gróðrarstöð.

#### Fræplöntur.

Sáð var 16,52 kg. fræi í 450 m<sup>2</sup>. emgar talningar fóru framm á 1/o plönt. 2/o plöntur eru mjög smáar og eru tæplega hæfar til úti dreifsetningar og ætti að dreifsetja þær í móband, þær voru allar teknar upp í haust og eru í frystir og búið að raga þær.

#### Dreifsetning.

Dreifsettar voru 248.441 stk. af plöntum í gróðrarstöðinni í ár, í móband ar dreifsett 86.045 stk. en á beð 162.396 stk. af því voru 62.350 plöntur úr fjölpottum frá Grundarhóli og er gert ráð fyrir að 28.000 af þeim verði til afhendingar næsta ár og er þar um að ræða Rússalerki og stafafuru og eru plönturnar þá 1/l ~~mómmikkan~~  
Plönturnar af Rússalerki og stafafuru í fjölpottunum voru of stórar til dreifsetningar að okkar mati.

Dreifsetning þessa árs er nokkuð góð miðað við hvernig veðráttan var í sumar.

#### Garðplöntur.

Stungið var 111.555 stk. af græðlingum í beð með svörtu plasti í vor og 6.500 stk. af græðlingum sem settir voru í bakka.

Teknir voru 2.580 stk. af sumargræðlingum og pottað 15.375 stk af brjám og runnum.

Afhentar voru 69.381 stk af garðplöntum þar af 54.422 stk. af víðiplöntum.

#### Afhending skórarplantna.

Afhentar voru 162.906 stk. af skógarplöntum, það óhapp skeði í kæligeymslu að stafafura 2/2 einhverja hluta vegna skemmdist og mistum við um 45þúsund plöntur hvað veldur er enginn viss um líklegast hafa plönturnar ekki frosið nógu fljótt, sett var mikið inn í frystirinn og raðað þétt í hillur og það ört að það er eins og plönturnar hafi ekki náð að frjósa strax og er eins og það hafi hitnað í pokunum.

Plönturnar lyktuðu eins og súrhrey.

Nú tókum við engu að síður upp allar skógarplöntur sem afhenda á næsta vor við höfum fylgst með þeim og ekkert sem bendir til þess að ekki sé allt í lagi með plönturnar.

Notað var brassicol á plönturnar .

Aætlaðar skógarplöntur til afhendingar 1984 eru 190.775 stk.

#### Gróðursetning.

Plantað var í Dalagil 156<sup>v</sup> stk. af sitkagreni 2/4 Hall. C-020.

I brekkutúnið á Tumastöðum á milli raða af sitkagreni var plantað 1.110<sup>v</sup>stk. af stafafuru 2/3 Skagway B-952 og niður við gróf vestan gömlu heimreiðar var plantað 2.210<sup>v</sup>stk af stafafuru 2/3 Skagway B-952.

### Skjólbelti.

Plöntuð voru skjólbelti í landi Kollabæjar norðan við túnið á ásnum og þvergarðinn, legu beltana verður ekki lýst.

Mórinna var tættur 2-3 sinnum og viðinum síðan plantað.

Plantað var 3 beltum sem eru 2 raðir og er yakutatvíðir í annari röðinni en sitkavíðir í hinni þessi belti eru samtals 1.245 metrar.

Síðan var plantað 4 beltum með 1 röð af alaskavíði samtaðs 1.260 m. og einu belti með 1 röð af selju 260metra langt.

Beltin eru því 2.765 metrar á lengd.

Það kemur í ljós síðar hvort ekki borgar sig að planta skjólbeltum á berangi áður en barrtrjám er plantað.

### Byggingar.

#### Viðhald.

I Kollabæ 2 voru lagfæringar gerðar á eldhúsi, eldhúsbekkur stækkaður og settur nýr vaskur, keyptur var notaður fristi- og kæliskápur fyrir starfsfólk og settur dúkur á eldhúsgólf, herbergi í vestur hluta húsins máluð.

#### Endurbætur.

Í búðarhúsið í Kollabæ 1 var lagfært, herbergi sem er innaf eldhúsi var breytt í baðherbergi komið þar fyrir baðkeri og öðrum snyrtitækjum vaskaskáp og handklæðaskáp dúkur á gólf.

Lagt var fyrir skólpí og það leitt til bráðabiggðar í fjósforina sem er vestan við bæ.

#### Vélar og verkfæri.

Keypt var plastlagningarárvél hún tekur 2 m. plastdúk, hún mokar upp götur og leggur plastið á beðið og mokar síðan á kantana, í sambandi við þessa vél var smíðaður valtari sem gatar plastið og er þá beðið tilbúið til að stynga græðlingunum.

Keypt var hjólagrafa af Case gerð 580F árgerð 1977 sem kemur sér vel fyrir gróðrarstöðina þó svo að hún hafi ekki verið notuð mikið í summar.